

**Fundargerð 49. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 13. desember kl. 13:15**

**Dagskrá:**

1. Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga haustið 2018
2. Framkvæmd opinberra áætlana í landshlutunum. Vinnufundur stýrihóps, Byggðastofnunar og landshlutasamtaka
3. Brothættar byggðir. Bakkaflóí og Borgarfjörður eystri
4. Framkvæmd byggðaáætlunar
5. Önnur mál

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SRN), Björn Helgi Barkarson (UAR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Steinunn Valdís Óskarsdóttir (ANR), Bryndís Þorvaldsdóttir (VEL) mætti 13:20, Eva Margrét Kristinsdóttir (VEL), Guðmundur Bjarni Ragnarsson (DMR), Unnur Valborg Hilmarsdóttir (landshlutasamtökunum), Karl Björnsson (Sambandinu) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Arnar Freyr Einarsson (ANR), Þórarinn Sólmundarson (MRN), Karitas Gunnarsdóttir (MRN), Hrund Hafsteinsdóttir (UTN), og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 48. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

**Umfjöllun og afgangsla:**

**1. Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga haustið 2018**

Kynntar voru umræður funda stýrihópsins með landshlutasamtökunum haustið 2018, en fyrir fundinn hafði Sigríður dreift yfirliti yfir umræðuefni fundanna.

**2. Framkvæmd opinberra áætlana í landshlutunum. Vinnufundur stýrihóps, Byggðastofnunar og landshlutasamtaka**

Formaður dreifði blaði með punktum um fyrirhugaða tveggja daga vinnufund Byggðastofnunar og landshlutasamtakanna og ræddi aðkomu stýrihópsins. Ráðgert er að vinnustofan verðir haldinn í Hveragerði dagana 22.-23. janúar 2019. Þar verður meðal annars rætt um hvernig landshlutasamtökin geta samþætt sóknaráætlanir áætlunum ríkisins. Nokkur umræða varð um þennan lið og þær áætlanir sem þarna gætu komið til umræðu. Fram kom áhugi stýrihópsins á að taka þátt í vinnustofunni.

**3. Brothættar byggðir – Bakkaflóí og Borgarfjörður eystri**

Formaður kynnti skýrslu Bakkaflóanefndar, sem send hafði verið fundarmönnum fyrirfram. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur til aðgerða vegna vanda byggðarinnar og hefur ríkisstjórn samþykkt þær. Fyrir fundinum lá einnig greinargerð um verkefni Brothættra byggða á Borgarfirði eystra, „Betri Borgarfjörður“. Miklar umræður urðu um þennan lið, sérstaklega varðandi Bakkaflóa.

**4. Framkvæmd byggðaáætlunar**

Formaður greindi frá úthlutun samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vegna þriggja aðgerða á byggðaáætlun, þ.e. Sértek verkefni sóknaráætlanasvæða (aðgerð C.1 þar sem 120 milljónum var úthlutað til níu verkefna árið 2018), Fjarvinnslustöðvar (aðgerð B.8 þar sem 30 milljónum var úthlutað til fjögurra verkefna árið 2018) og Verslun í strjálbýli (aðgerð A.9 þar sem 10 milljónum er úthlutað til fimm verkefna árið 2018).

#### **5. Önnur mál**

Formaður ræddi um fjarfundabúnað í ráðuneytum, en þar er þörf úrbóta. Rekstrarfélag Stjórnarráðsins er nú að vinna úttekt á stöðu mála og finna leiðir til lausna.

Næsti fundur er boðaður þann 28. janúar 2019.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45